

Afbrigðasálfræði og klínísk sálfræði

E-703-AFKL



Ár: 1. ár

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda.

Undanfarar: Engir.

Kennari: Pétur Tyrfingsson og Baldur Heiðar Sigurðsson.

Lýsing: Framhaldsnámskeið í afbrigðasálfræði sem byggir á hliðstæðu námskeiði í grunnnámi. Lögð er áhersla á að dýpka þekkingu og skilning nemenda á helstu geðröskunum fullorðinna sem sálfræðingar mæta í starfi sínu. Lögð er höfuðáhersla á kvíðaraskanir, þunglyndi og geðrofsraskanir, greiningu þeirra og fræðilegan skilning á þeim með tilliti til meðferðar.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að:

- Hafa nýtt þá þekkingu sem hann bjó yfir um geðraskanir, bætt við hana með stefnu á fræðilegan skilning sem hefur hagnýtt gildi fyrir greiningu og meðferð.
- Búa yfir þekkingu og fræðilegum skilningi á helstu geðrænu vandmálum þannig að þeir verði færari um að tileinka sér hagnýtar aðferðir í greiningu, mati og meðferð.
- Vera fær um að takast á hendur að afla sér þekkingar og færni á sviðum annarra geðrænna vandamála en þeirra sem eru sérstaklega til umræðu á námskeiðinu.

Námsmat: Námsmat er í formi tveggja skyndiprófa, tveggja verkefna og einnar ritgerðar. Í námsmati er lögð áhersla á skilning nemenda á geðrænum vandmálum og meðferð þeirra fremur en einangruð þekkingaratriði.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 3